

-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árpúsunds með fingerðum stíl og tilfinn-ingaþunga. Sjaldan hefur lista-maður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar lista-mönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungid töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

DAUÐINN



Birgitta Jónsdóttir

Beyond Borders Smákverasafn

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara héraendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eitt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

D a u ð i n n



Beyond Borders Smákværasafn #2

*Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is*

Dauðinn

Losun
afneitaðra
tilfinninga
gerði mig
léttari,
sterkari.

Meðan ég söng
nöfn þín
í samofnum bylgjum
sorgar og gleði.

Þann dag
sem þeir fundu þig,
klæddist ég hvítu.

Augun ljómuðu
tilfinningaskalanum.
Röddin
umbreyttist
úr sársauka í gleði.

Þann dag
sem þeir fundu
veðruð bein þín,
klæddist ég hvítu.

Vökvaði blóm sorgar minnar
tárur gleðinnar.

Helheimur

Hel er í huga mínum

nákaldur staður

þar sem tilfinningarnar

frjósa í andrúminu

S a m r u n i

Þegar ég horfi með
fráum augum hrafnisins
yfir þetta þunga haf
sem skilur mig frá
löngunum mínum.
Sé ég rúnir ristar
á vindsorfna
kletta örlaga minna.

Allt rennur í gegnum mig
sem ég væri ofin úr þoku.
Enginn sársauki
læsist í gegnum mig
með örvaroddum
sjálfspíslarinnar.
Engin öfgaþrungin
tilfinning berst
um blóðstaum minn.

Ég er svo kyrr
að jafnvel andardráttur minn
hreyfir ekki við andartakinu.

Meinið

Rám rödd syngur
"lífið er viðkvæmt blóm"

Hann situr einn með dofin augu
og týnir marglit blöðin af lífsblóminu

Eitt
af
öðru

Daðrar við dauðann
sem heldur þétt um andlit hans

Meinið marar í sálinni
breiðir úr sér

–Nærir það
öllu nema lífinu

Fíkn í falskan veruveika
frá sársauka
sem engin orð
fá lýst

Hann hefur reist háan kringlóttan múr
og skrifað
þráhyggju
ótta
angist
uppgjöf
sektarkennd
inn í hann

Fallegar myndir
úr mórauðu blóði
skreyta múrinn ytra

Hann hverfur
inn í fortíðarþoku
á meðan framtíðin er fyllt táknum dauðans

Út úr augum hans
í eitt forboðið andartak
sést morðinginn
helsært sjálfið

Sníkjudýr skríða út um svitaholurnar
á næturnar og éta hann upp

Rétti honum heróín
í huganum
og silfurlita nál



Að fanga vonina

Eyru mín dofin
fyrir lífsins hljómi.
Hamingjan hol.
Það er sem þú hafir fyllt mig
sorgarþrungnu augunum þínum.

Geng að þrútnum fossi,
sé mig falla í hann.

Falla svo ég fái flögrað um himinhvolfið
meðal þeirra upprisnu.
Flýg með þér
til að sjá augun þín
brosa aftur.

Ég rís upp úr doða
þess forgengna.
Fanga vonina
Hún er bláleitur fiskur
sem syndir um
í lífsins vatni.

Dýfi mér á bólakaf.
Dvel í djúpunum,
uns mér skýtur upp
á móti lífinu.

Engill lífsins

Hann er umlukinn
skikkju ofinni úr
litum hafsins.
Bjartur yfirlitum.
Tvinnar hendur sínar
við þínar
í feigðarkrans.
Birtist þér í
draumheimum
sem engill
lífsins.

Uppgjörið

Hljóð angist
grípur um hjarta mitt.
Sól sortnar.
Óvissan hringsólar
eins og gammur.
Ég finn hjarta þitt bresta.

Tíminn vegur þungt.

Sé þig rísa upp úr fölnuðu holdinu.
Augu þín brosa.
Bláleitir vængir brjótast út.
Þú flýgur reistur
með eld í hjarta
á móti örlögum þínum.

Ég held á eggjum minninga okkar.
Kasta því á eftir þér.
Það brotnar á hinum
ósýnilega vegg efans.

Minningarnar flæða út
og steypa sér yfir mig.

Krúfarg.

Æra mig um stund
gogga í mig,
uns ég tek
staf styrkleika míns,
hrek þær á braut.

Og allt er svo kyrrt.

Dagur beinanna

Þann dag
sem dauði þinn
varð raunverulegur,
snertanlegur eins og mín eigin tilvera.

Þann dag
grét himinninn.

Sorg fimm langra ára
skók mig.
Aftur og aftur.

Hvaðan kom þessi sorg?

Frá einmanaleika mínum?
Frá söknuði mínum?

Get ekki flúið
hrollkaldan
óttann.
Ég tek honum með þökkum
elska hann
á hámarki
tilfinningarinnar.

Þann dag
sem þeir fundu þig,
klæddist ég hvítu.
Svört tár mín,
hrynjandi
krækiber,
uns gagnsæ.

Þá vissi ég
að ég var
heil.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer

